

6.1.5. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Breyting á þegar byggðu mannvirki eða breytt notkun

Í grein 6.1.5 í byggingarreglugerð segir:

„Við breytta notkun þegar byggðra mannvirkja sem almenningur hefur aðgang að skal tryggja aðgengi í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Við breytingu á mannvirki sem byggt er í gildistíð eldri byggingarreglugerða skal almennt byggja á sjónarmiðum algildrar hönnunar, sbr. þó 3. mgr.

Ef sérstökum erfiðleikum er bundið að uppfylla ákvæði þessa hluta reglugerðarinnar án þess að breyta að verulegu leyti megin gerð mannvirkis, burðarvirki, útliti, innra skipulagi eða öðrum sérkennum sem vert er að varðveita, getur leyfisveitandi heimilað að vikið sé frá einstökum ákvæðum þessa hluta reglugerðarinnar. Sama gildir um kröfur til bílastæða hreyfihamlaðra í þegar byggðu hverfi. Í slíkum tilvikum skal hönnuður skila sérstakri greinargerð um það hvaða ákvæðum óskað er eftir að víkja frá, um ástæður þess að ekki er unnt að uppfylla þau og hvort unnt er með öðrum hætti að tryggja aðgengi þannig að markmið þessa hluta reglugerðarinnar séu uppfyllt. Taka skal sérstakt tillit til mannvirkja sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Frávik


3. mgr.: Hér er til dæmis átt við:

- a Lofthæð þegar byggðra mannvirkja var í eldri byggingarreglugerðum að lágmarki 2,40 m en er í gildandi byggingarreglugerð 112/2012 að lágmarki 2,50 m. Í slíkum tilvikum er ekki ætlast til þess að lofthæðinni sé breytt enda er það oft ógerningur.
- b Stigi gæti verið of mjór en breikkun hans myndi t.d. raska burðarveggjum, fara inná aðra eignarhluta o.s.frv.
- c Að setja inn lyftustokk gæti verið erfitt ef hann fer í gegnum marga eignarhluta og ekki er verið að breyta hinum eignarhlutum. Í þannig tilfellum væri hægt að skoða möguleika á utanálggjandi lyftum.
- d Salernisaðstöðu í eldra mannvirki er oft á tíðum erfitt að uppfylla til fulls kröfuna um algilda hönnun án þess að hrufla við innra skipulagi oft á tíðum friðaðra húsa.

- e Margar menningarminjar eru t.d. með öllu óaðgengilegar hreyfihömluðum. Þegar bæta á aðgengið skal fara eftir lögum um menningarminjar og vera í samvinnu við Minjastofnun Íslands



Mynd 1. Ný utanáliggjandi lyfta á Þjóðleikhúsinu séð frá Hverfisgötu



Mynd 2. Ný utanáliggjandi lyfta á Þjóðleikhúsinu vel leyst hvernig hið gamla mætir hinu nýja



Mynd 3. Ný utánaliggjandi lyfta og anddyri á Þjóðleikhúsinu

2 Greinargerðir

Hönnuður skal ávalt skila sérstakri greinargerð þar sem hann lýsir og rökstyður hvaða ákvæðum hann óskar eftir að víkja frá og hvort að með öðrum hætti sé hægt að tryggja aðgengi þannig að markmið þessa hluta reglugerðarinnar séu uppfyllt.

Tilvísanir

- Byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	16.5.2019
1.1	Tilvísunum eytt	9.9.2019
1.2	MVS breytt í HMS	5.2.2020
1.3	Stafsetningarleiðréttingar	4.4.2020
1.4	Yfirlit yfir breytingar. Viðbætur í texta 3. mgr. og einföldun	16.11.2020